



LÖGMANNSSTOFA

Nefndarsvið Alþingis,  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2023


**Efni: Umsögn Slysavarnarfélagsins Landsbjargar um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, 507. mál.**

1. Efnahags- og viðskiptanefnd hefur kallað eftir umsögnum við frumvarp til laga um um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða. Fyrir hönd Slysavarnarfélagsins Landsbjargar þykir ástæða að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri í tengslum við umrætt frumvarp.
2. Slysavarnarfélagið Landsbjörg fagnar því að samkvæmt frumvarpinu skuli bifreiðir í eigu björgunarsveita undanþegnar kílómetragjaldi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Í því samhengi leggur Slysavarnarfélagið Landsbjörg þó til að gildissvið undanþágunnar verði víkkað lítillega, þannig að undanþágan nái skýrum orðum til björgunarsveita sem og viðurkenndra heildarsamtaka þeirra. Slík útfærsla er til þess fallinn að tryggja að undanþágan nái tilskyldum árangri og styðji við rekstur og þróun viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita og aðildarféлага þeirra.
3. Til viðbótar við það sem að framan greinir vill Slysavarnarfélagið Landsbjörg undirstrika mikilvægi þess að önnur lagasetning og aðrar breytingar á lögum er varða vegasamgöngur og innleiðingu nýorkugjafa taki tillit til sérstöðu og mikilvægis björgunarsveita, líkt og fyrirliggjandi frumvarpsdrög gera. Þá lýsir Slysavarnarfélagið Landsbjörg sig reiðubúin til að ræða nánar við efnahags- og viðskiptanefnd og vinna saman að frekari framþróun á fyrrnefndum sviðum.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar vegna erindisins.

Virðingarfyllst,

f.h. Slysavarnarfélagsins Landsbjargar

  
f.h. Eyvindar Sólnes hrl.,  
Arnaldur Starri Stefánsson, lögfræðingur